

LEIÐBEININGAR



- 1 Fylltu á VATNSTANKINN:**
Fylltu á vatnstankinn með hreinu drykkjarvatni (mest 600ml).
- 2 SETTU Í SAMBAND OG KVEIKTU Á TÆKINU:**
Settu klóna í samband við jarðtengda innstungu. Ýttu á ON/OFF hnappinn til að kveikja á vélinni. LED ljósin fyrir kaffið og heita vatnið byrja að blinka, til að sýna að vélin er að hitna (u.þ.b. 30 sekúndur). Vélina er tilbúin til notkunar þegar LED ljósin lýsa stöðugt.

STILLTU HÆÐ GLASABAKKANS:

- 3 3A:** Færðu bakkann upp, niður, eða fjarlægðu hann, eftir stærð bollans þíns. Settu bolla á bakkann, af rétttri stærð fyrir þann drykk sem þú vilt fá þér.

SETTU HYLKIÐ Í:

Opnaðu lúguna og settu hylkið í. Lokaðu lúgunni.

- 4**
- BYRJAÐU AÐ BÚA TIL DRYKKINN:**
Ýttu á hnappinn fyrir þann drykk sem þú vilt fá þér:
- 5** 5A: ESPRESSO: Hnappur fyrir Espresso.
5B: LUNGO: Hnappur fyrir Lungo.
5C: HEITT VATN: Hnappur fyrir heitt vatn.

Ferlið stöðvast sjálfkrafa þegar drykkurinn er tilbúinn. Opnaðu lúguna til að henda notaða hylkinu í ruslahólfíð.

ÖRYGGISREGLUR

Lestu þessar leiðbeiningar vandlega áður en þú notar nýju kaffivélina þína í fyrsta skipti. Geymdu þessar reglur á stað þar sem þú getur fundið þær aftur og lesið seinna.

- Ef neyðartilvik kemur upp: Taktu vélina strax úr sambandi við rafmagn.
- Börn mega aldrei nota vélina nema með nánu eftirliti fullorðinna.
- Gakktu úr skugga um að rafspennan sem er gefin upp á málplötunni sé sú sama og á rafkerfinu hjá þér.
- Tengdu vélina þína eingöngu við jarðtengdar innstungur. Notkun á röngum tengjum ógildir ábyrgðina.
- Taktu klóna úr sambandi við innstungu fyrir þrif og viðhald og leyfðu vélinni að kólna niður.
- Settu aldrei vélina, snúruna eða rafmagnsklóna á kaf í vatn eða annan vökva.
- Hafðu rafmagnssnúruna þar sem börn ná ekki til.
- Hafðu snúruna aldrei nálægt eða í snertingu við heita hluta vélarinnar, hitagjafa, eða skarpar brúnir.
- Settu vélina aldrei á heitt yfirborð, svo sem eldavélarhellu.
- Notaðu vélina aldrei nálægt opnum eldi.
- Settu vélina á flatt, stöðugt, hitaþolið yfirborð fjarri vatnsskvettum.
- Ef rafmagnssnúran skemmist verður framleiðandi, viðgerðaraðili eða annar hæfur aðili að skipta um hana, til að koma í veg fyrir hættu á að snúrur af lélegum gæðum séu notaðar.
- Börn og fólk með skerta líkamlega, snerti- og andlega getu eða reynslu- og þekkingarleysi mega ekki nota tækið nema þau hafa fengið eftirlit eða leiðbeiningu varðandi notkun tækisins á öruggan hátt frá manneskju sem er ábyrg fyrir öryggi þeirra.
- UPPLÝSA SKAL BÖRN UM HÆTTUNA OG AÐ ÞAU MEGI EKKI LEIKA SÉR MEÐ VÉLINA.



MIKILVÆGT: Fyrir leiðbeiningar um meðhöndlun, þrif og viðhald, sjá notandahandbók á www.jacobsdouweegbertsprofessional.support/singleserve.